

Fundur í skólaráði 1. nóvember 2018.

Mætt: Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri, Anna Bergrós Arnarsdóttir deildarstjóri, Marías Kristjánsson deildarstjóri, Svava Svavarsdóttir ritari, Elfa Björk Jóhannsdóttir fulltrúi kennara, Þorbjörg Ólafsdóttir fulltrúi kennara, Aron Sveinn Davíðsson fulltrúi nemenda, Katrín Ósk Steingrímsdóttir fulltrúi foreldra, Halldór Arason fulltrúi foreldra, Regína Ólafsdóttir fulltrúi foreldra.

1. Á síðasta fundi var rætt um agaferli SMT, þ.e. þann hluta hennar sem felur í sér uppþótarverkefni og forréttindamissi. Nemendarráð er með málið í skoðun og mun afhenda SMT teymi fyrir næsta fund.

2. Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk í september. Farið yfir niðurstöður frá því í september. Raðtölum varpað fram úr báðum námsgreinum, íslensku og stærðfræði.

3. Rætt um skólaráð og hlutverk þess. Varpað upp reglugerð 1157-2008 og farið yfir þau verkefni sem skólaráði ber að vinna og þau viðfangsefni skólans sem skólaráð getur haft áhrif á.

a) Ábending kom fram um að reyna að fá fleiri foreldra í ráðið, a.m.k. sem áheyrnarfulltrúa þannig að þeir viti meira um það sem fram fer og gætu haft meiri áhrif á skólastarfið.

b) Skólalóð og nærumhverfið. Umgengni virðist hafa versnað kringum skólann og ljóst að oft safnast krakkar, nemendur skólans og aðrir á skólalóðina á kvöldin. Stundum fara börn upp á þak á kvöldin. Spurning hvað hægt er að gera. Húsvörður fer eftirlitshring flest kvöld og hefur afskipti af fólki á skólalóðinni ef ástæða er til. E.t.v. þarf meira til.

4. Umræður og vinna nefndarmanna þar sem spurningum er varpað fram og menn beðnir að láta í ljós sína skoðun á ákveðnum þáttum skólastarfsins. *Hver er þín sýn á skólastarfið? Hvað getur þú gert til að hafa áhrif á skólastarfið? Hvað er gott og hvað mætti bæta í skólanum?* Niðurstöðum safnað og unnið úr síðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið 16:08

Ritari fundargerðar ABA